

Leikskólinn Hjallatún

Vallarbraut 20

Sími:..... 421- 7404

Leikskólastjóri: 421- 7407

Fax: 421- 7494

Netfang: hjallatun@reykjanesbaer.is

Netfang leikskólastjóra: gerdur.petursdottir@reykjanesbaer.is

Veffang Hjallatúns: www.mentor.isVeffang Reykjanesbæjar: www.reykjanesbaer.is

Opnunartími: 7.45 – 17.15

Leikskólastjóri: Gerður Pétursdóttir**Aðstoðarleikskólastjóri:** Árdís Hrönn Jónsdóttir**Matráðar:** Þuríður Sveinsdóttir og Olga Pétursdóttir**Inngangur**

Með tilkomu aðalnámskrár leikskóla árið 1999, var öllum leikskólum landsins gert að semja skólanámskrá sem veita skyldi heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans. Þessi útgáfa er önnur útgáfa af námskrá Hjallatúns. Aðeins er liðið tvö og hálf ár frá opnun leikskólans og starfið er enn í mikilli mótun. Enn er eftir að ræða til hlítar ýmsa þætti starfsins og nokkrir kaflar eru því drög að því sem koma skal. Hér birtast þær upplýsingar sem liggja fyrir um námið og kennslu- og uppeldishættina í skólanum eins og það er á þessari stundu. Allt starfsfólk leikskólans kemur að þróun uppeldisstarfsins á Hjallatúni og er leitast við að hafa vinnubrögð sem lýðræðislegust. Uppeldisstefna og starfshættir eru endurskoðaðir og metnir reglulega og markmið og leiðir þróaðar út frá því. Á komandi starfsári mun starfsfólk skólans halda áfram að þróa starfið í leikskólanum og er það ætlun okkar að bæta nýjum köflum í útgáfu þessa jafnóðum og þeir eru tilbúnir.

Í aðalnámskrá leikskóla segir að hlutverk skólanámskrár sé að:

- Gera leikskólastarfið sýnilegra.
- Veita yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla.
- Gera leikskólastarfið markvissara og auðveldara.
- Veita heildaryfirsýn yfir uppeldisstarfið.
- Gefa starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers vænst er af því.
- Gera nýliðum auðveldara að komast inn í starfið.
- Auðvela markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila.

Megi skólanámsskráin koma að góðum notum við upphaf skólagöngu barnanna ykkar og eins starfsfólki og öðrum lesendum hennar.

Velkomin í leikskólann

Kæru foreldrar verið velkomin með barnið ykkar í leikskólann Hjallatún.

Í þessari námskrá ætlum við að koma á framfæri helstu upplýsingum um starfið í leikskólanum. Leikskólinn Hjallatún opnaði 8. janúar 2001 og er nýjasti leikskóli Reykjanesbæjar. Í leikskólanum eru að jafnaði um eitt hundrað börn og u.þ.b. tuttugu og sjö starfsmenn.

Við vonumst til að eiga ánægjulegt samstarf við foreldra og hvetjum ykkur til að vera dugleg að spyrja, koma í heimsókn og kynnst starfsemi.

Húsakynni og barnafjöldi

Tveir gangar eru í leikskólanum, Austurgangur fyrir 2 - 4 ára börn og Vesturgangur fyrir 4 - 6 ára börn. Á hverjum gangi eru tvær heimastofur, þær heita Logaland og Ljósaland á Vesturgangi og Varmaland og Bjarmaland á Austurgangi. Hverri heimastofu fylgja hvíldarherbergi og salerni. Heimastofurnar á hvorum gangi fyrir sig vinna saman og mynda eina heild. Reynt er að hafa umhverfið hlýlegt og heimilislegt þar sem börn og starfsfólk dvelja hér allan daginn. Á Hjallatúni dvelja 97 börn samtímis og fjöldi barna á hverri heimastofu er á milli tuttugu og tvö og tuttugu og sjö, en það fer það eftir aldri barnanna.

Heilsdagsleikskóli

Leikskólinn Hjallatún er heilsdagsleikskóli. Ljóst er að barn sem dvelur 8 – 9 tíma í leikskóla hefur aðrar þarfir en barn sem dvelur 4 - 6 tíma. Í markmiðssetningu okkar kemur þetta skýrt fram, þar sem við leitumst við að sinna þörfum hvers einstaklings og reynum að láta barnið hafa töluverð áhrif á hvernig dagur þess gengur fyrir sig. Þetta gerum við því með að hafa dagskipulagið einfalt og opið með það að markmiði að brjóta daginn eins lítið upp og mögulegt er til að rjúfa sem minnst leik barnanna.

Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni heimastofu. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á heimastofunni.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á hverri heimastofu.

Leikskólasérkennari starfar á heimastofum vegna sérkennslu við einstök börn.

Matráðar og starfsfólk í eldhúsi sér um matartilbúning.

Ræstingar eru boðnar út og þrifið er daglega eftir að leikskólanum er lokað.

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Að byrja í leikskóla - aðlögun

Það er stórt skref í lífi hvers barns að byrja í leikskóla. Börn þurfa mislangan tíma til að aðlagast nýju umhverfi og kynnast starfsfólki og öðrum börnum. Mikilvægt er að foreldrar barnsins og starfsfólk gefi sér góðan tíma í aðlögunina þannig að barnið finni sig öruggt. Foreldrar fá aðlögunaráætlun þegar barnið byrjar og er hún til viðmiðunar. Aðlögun tekur u.þ.b. viku en getur tekið lengri tíma hjá sumum börnum og skemmri hjá öðrum. Með því að gefa sér góðan tíma í aðlögunina fær foreldrið einnig einstakt tækifæri til að kynnast starfsfólki leikskólans, húsnæðinu og starfsemi allri.

Flutningur milli ganga

Þegar leikskólaganga barnsins er u.þ.b. hálfnuð flyst barnið yfir á Vesturgang. Mikilvægt er að standa vel að því þegar að barnið færir á milli ganga. Skipulag leikskólans býður upp á að börn og starfsfólk í öllum leikskólanum hittist til að mynda í morgunverði, síðdegishressingu, á útsvæði, á landafundum og svo mætti lengi telja. Foreldrum er tilkynnt tímanlega um væntanlegan flutning. Starfsfólkið skipuleggur heimsóknir barna sem eiga að flytjast á milli ganga og geta þær staðið yfir í allt að tvær vikur eða svo lengi sem það tekur hvert barn að aðlagast nýrri heimstofu. Deildarstjórar á Vesturgangi hitta foreldra og fá upplýsingar um barnið. Foreldrar eru að sjálfsögðu velkomnir á nýju heimastofuna og mega þeir ef þeir vilja vera með barni sínu þar hluta úr degi þegar að barnið hefur flutt sig.

Starfsgrundvöllur leikskóla

Starfsemi leikskóla á Íslandi byggir á lögum um leikskóla nr.78/1994 og aðalnámskrá leikskóla sem er lögfest námskrá sem tók gildi 1. júlí 1999. Aðalnámskrá leikskóla er fagleg stefnumörkun um uppeldismál, þar er markmiðum leikskólastarfs lýst og leiðum að settum markmiðum.

Eftirfarandi meginmarkmið eru sett fram í lögum um leikskóla nr.78/1994.

- Veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði.
- Gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara.
- Kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo þau fái notið bernsku sinnar.
- Stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna.
- Efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- Rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

Námssvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólauppeldi. Þau eru **hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag**. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs þ.e.: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Á Hjallatúni er leitast að flétta vinnuna með námssviðin inn í allt starf leikskólans. Í Listalandi er t.d. unnið með myndsköpun, inn í vettvangsferðir fléttast hreyfing, náttúra, umhverfi, menning og samfélag og í Hreyfilandi er mikil áhersla lögð á hreyfingu, dans og tónlist. Hverjum leikskóla er í sjálfsvald sett hvaða markmið þeir setja sér á hverjum tíma og hvaða leiðir eru farnar, svo framarlega að verið sé að vinna í anda aðalnámskráinnar. Í næsta kafla munum við tíunda helstu áherslur í uppeldis og kennslustarfinu á Hjallatúni.

Hugmyndafræði – Markmið og leiðir

Samfélags- og mannsýn

Uppeldisstefna Hjallatúns byggist á þeirri samfélags- og mannsýn sem lýst verður hér á eftir. Samfélag okkar er í stöðugri þróun, miklar breytingar og hraði eru daglegt líf allra þjóðfélagsþegna. Möguleikar ungs fólks til náms og starfs eru óþrjótandi.

Öld upplýsingatækninnar er runnin upp og samfélagið krefst fólks sem getur náð áttum í ringulreiðinni. Valið og hafnað í straumi tækifæra. Hugvit er orðið dýmæt útflutningsvara þannig að skapandi og sjálfstæðir einstaklingar eru samfélaginu nauðsynlegir.

Nýjustu rannsóknir innan uppeldis- og sálarfræðinnar benda til að börn búi yfir meiri hæfileikum frá fæðingu en áður var haldið. Einnig hefur því verið haldið fram að í gegnum frjálsan leik geti barnið lært og þjálfað nánast alla hæfileika sem það þarf á að halda til að komast vel af í nútímaþjóðfélagi.

Á síðustu árum hefur áhugi vísindamanna beinst í auknu mæli að tilfinningagreind fólks. Því hefur jafnvel verið haldið fram að góð tilfinningagreind sé undirstaða lífshamingjunnar. Meðal aðalsmerkja tilfinningagreindar eru: **sjálfsvitund, samkennd, sjálfstjórn, félagsleg hæfni, einbeiting og agi**. Skortur á tilfinningagreind getur leitt til vandamála á ýmsum sviðum í einkalífi sem og á vinnumarkaði og við öll mannleg samskipti.

Sú mannsýn sem við á Hjallatúni viljum hafa að leiðarljósi er að í hverjum manni býr auður og okkar hlutverk er að finna þann auð. Við viljum mæta einstaklingnum þar sem hann er sterkur og nýtur sín og leiða hann þaðan inn á brautir annars þroska þar sem hann hefur þörf á að styrkja sig. Til dæmis ef barn er mjög duglegt að syngja og dansa en hefur slakan félagsþroska væri hægt að styrkja félagsþroska þess með hringleikjum og dönsu þar sem fleiri börn tækju þátt.

Hugmyndafræði

Á Hjallatúni er starfað útfrá kenningu um hæfileika manna svokallaðri Fjölgreindarkenningu. Sálfræðingur að nafni Howard Gardner setti fram kenningu um fjölgreindir árið 1983. Kjarninn í kenningu hans er að hægt sé að meta mannlega möguleika og hæfileika útfrá breiðara viðmiði en áður hafði verið gert. Hann flokkaði því greind manna í 8 flokka:

Málgreind – Rökgreind – Rýmisgreind – Hreyfigreind -Tónlistargreind – Sjálfþekkingar/-Tilfinningagreind - Samskiptagreind - Umhverfisgreind.

Á hverju vori metum við sterkar hliðar barnanna með hliðsjón af Fjölgreindarkenningunni útfrá eftirfarandi viðmiðum.

Málgreind

Næmi fyrir hljóðum, gerð, merkingu og hlutverkum orða og tungumáls.

Börn sem hafa góða málgreind hugsa í orðum og finnst til dæmis gaman að hlusta á sögur, segja sögur og nota orðaleiki.

Rök og stærðfræðigreind

Hæfileiki til að átta sig á röklegum og tölulegum mynstrum, hæfileiki til að fást við langar rökleiðslur.

Börn sem hafa góða rök og stærðfræðigreind hugsa með rökleiðslu og finnst til dæmis gaman að gera tilraunir, spyrja, leysa rökgátur, byggja úr einingakubbum og holakubbum.

Rýmisgreind

Hæfni til að skynja hinn sýnilega rýmisheim nákvæmlega og til að ummynda fyrstu skynjun. Börn sem hafa góða rýmisgreind hugsa í ímyndum og myndum og finnst til dæmis gaman að hanna, teikna, sjá fyrir sér og krotta.

Líkams- og hreyfigreind

Hæfni til að hafa stjórn á eigin líkama og til að handleika hluti og beita verkfærum. Felur einnig í sér næmt tímaskyn.

Börn sem hafa góða líkams- og hreyfigreind hugsa með líkamsskynjun og finnst til dæmis gaman að dansa, hlaupa, stökkva og byggja.

Tónlistargreind

Hæfileiki til að framleiða og meta að verðleikum takt, tónhæð, tónblæ; að meta form tónskynjunar. Tónlistargreind kemur fyrst í ljós af öllum greindarþáttunum.

Börn sem hafa góða tónlistargreind hugsa í takti og lögum og finnst til dæmis gaman að syngja, blístra, raula, slá takt með höndum og fótum og hlusta.

Umhverfisgreind

Leikni í að greina tegundir; þekkja skyldar tegundir. Næmi fyrir fyrirbrigðum náttúrunnar og umhverfis. Hæfileiki til að rata.

Börn sem hafa góða umhverfisgreind hugsa með hjálp náttúrunnar og tilbrigða hennar og finnst til dæmis gaman að leika við gæludýr, vinna í garðinum, rannsaka náttúruna, rækta dýr og sýna umhyggju fyrir jörðinni.

Samskiptagreind

Hæfni til að átta sig á og bregðast rétt við hugarástandi, skapgerð, áhuga og óskum annarra.

Hæfni til samstarfs og næmi á yrt og óyrt tjáskipti. Hæfileiki til að hugleiða mörg sjónarmið.

Börn sem hafa góða samskiptagreind hugsa með því að varpa fram hugmyndum sínum við aðra og finnst til dæmis gaman að hafa forustu, skipuleggja, tengjast, ráðskast með, miðla málum, og taka þátt í samkvæmum.

Sjálfsþekkingar/tilfinningagreind

Aðgangur að eigin tilfinningalífi og hæfni til að greina á milli tilfinninga sinna, þekking á eigin veikleikum og styrkleikum. Næmi til að öðlast sjálfsvitund og getu til að þróa og tjá tilfinningar.

Börn sem hafa góða sjálfsþekkingar/- tilfinningagreind hugsa með hliðsjón af eigin þörfum, tilfinningum og markmiðum og finnst til dæmis gaman að setja markmið, miðla málum, dreyma, áætla og íhuga.

Þessi kenning fær okkur til að setja hvert einstakt barn í brennidepil og líta á þau sem hafa einstaklinga. Allir eru sterkir á einhverju sviði og börnin læra best í gegnum sýna sterkustu greind.

Þrjú lykilatriði í uppeldisstefnu Hjallatúns.**Að efla tilfinningagreind barna.**

Við leggjum sérstaka áherslu á að efla tilfinningagreind barna. Við leitumst við að gefa hverju einstöku barni tíma, hlusta á þau og ræða um líðan þeirra ásamt því að leggja sérstaka áherslu á nærveru, umhyggju og hlýju í leikskólastarfinu.

Einstaklingum með góða tilfinningargreind líður betur og geta stjórnað tilfinningum sínum í stað þess að láta tilfinningarnar stjórna sér.

Að kenna börnunum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og styrkja sjálfsmynd.

Við teljum að börn eigi rétt á að taka þátt í ákvörðunum sem varða þeirra eigið líf. Með því að taka þátt í ákvörðunum lærir barnið lýðræði. Á Hjallatúni getur barnið að miklu leyti skipulagt leik sinn sjálft og á þann hátt haft mikil áhrif á daglegt líf sitt í leikskólanum. Með þessu lærir barnið að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem vekur hjá því frumkvæði, ánægju og gleði og styrkir sjálfsmynd þess.

Að nota leikinn sem helstu náms og þroskaleið barnins.

Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið leikskólabarnsins og í honum felst mikið sjálfsnám. Þegar börn leika sér eru þau að þroska með sér margvíslega hæfileika. Barn sem er að leika sér í hlutverkaleik (mömmuleik) er til dæmis að æfa sig í samskiptum og efla félagsleg tengsl og barn sem er í fjörugum Tarzan leik í sal er að styrkja bein og vöðva.

Kannanir sem gerðar hafa verið meðal barna sýna, að börn telja sig fá of lítinn tíma og ekki nægan frið til leikja. Á Hjallatúni hlúum við vel að leiknum og forðumst allt óþarfa skipulag sem annars myndi trufla leikinn.

Myndsköpun

Á Hjallatúni er unnið daglega með myndsköpun bæði í Lita- og Listalandi eftirfarandi eru þau markmið og þær leiðir sem við höfum að leiðarljósi í leikskólanum.

Markmið með myndsköpun í leikskóla

- Að kynna börnunum margvísleg efni, eðli þeirra og eigindir og leyfa þeim að gera tilraunir með þau.
- Að æfast í að samhæfa auga og hönd.
- Að þjálfra fínhyrfingar.
- Að læra að nota einföld tæki og verkfæri.
- Að börn fái útrás fyrir sköpunarþörf sína og læri að miðla hugmyndum sínum og tilfinningum til annarra með myndum og ýmiss konar táknum.

Leiðir í myndsköpun í leikskóla

- Leikskólinn skal sjá börnunum fyrir fjölbreyttum efnivið til myndsköpunar.
- Örvá skal börnin til sjálfstæðra vinnubragða.
- Gefa skal góðan og samfelldan tíma og aðstöðu til myndsköpunar.
- Leggja skal áherslu á sköpunarferlið.
- Ýta skal undir sjálfstæða myndsköpun en forðast að láta öll börn vinna eins.
- Leikskólakennarinn þarf að vera vakandi fyrir tækifærum í umhverfinu sem geta orðið kveikja að myndverkum barna.
- Leikskólakennarinn verður að vera reiðubúinn að taka þátt í sköpunarferlinu með barninu og gleðjast með því.

Eininga- og holkubbar

Á Hjallatúni er lögð áhersla á að bjóða börnunum upp á svokallaðan “opinn” efnivið. Hluti af þeim efnivið eru einingar- og holkubbar sem eru á öllum heimastofum (sjá kaflann um leik á svæðum).

Hugmyndasmiður einingakubbanna er bandarískur kennari að nafni Caroline Pratt (1867-1954). Hennar hugmyndir varðandi kubbana var að þeir ættu að vera börnum til ánægju og gefa möguleika til sköpunar og jafnframt myndu börnin læra um umheiminn á sínum forsendum.

Einingakubbar er það sem við köllum opinn efniviður/ ómótaður efniviður sem þýðir að börnin hafa möguleika á því að skapa það sem þau vilja og engin aðferð er rétt eða röng. Opinn efniviður tekur á sig það form sem börnin ætla honum. Sem dæmi um opinn efnivið má nefna vatn, sand, leir, málingu ofl. Sem dæmi um lokaðan efnivið/mótaðan efnivið má nefna púsl því það býður einungis uppá eina rétta lausn.

Ef við ætlum að virkja börn til þátttöku og stuðla að félagslegum samskiptum er ljóst að við veljum frekar opinn efnivið. Efniviður sem byggir á fyrirfram ákveðnum viðbrögðum vekur börn lítt til umhugsunar og er þ.a.l. ekki það efni sem þau þarfnast mest. Ekki er þó verið að tala um að útiloka hann heldur einungis að hann ráði ekki ferðinni.

Um leið og börnin byggja og eru t.d. á fullu í hlutverkaleik eru þau ómeðvitað að undirbúa sig fyrir hefðbundið stærðfræðinám. Þau fást við ýmis stærðfræðileg fyrirbæri sem felast í kubbunum sjálfum. Meðal annars fást þau við jafngildi stærða og uppgötva smám saman að ein stærð kubba getur verið ígildi tveggja eða fleiri minni kubba og öfugt. Þau átta sig einnig á innbyrðis tengslum stærðarhlutfalla t.d. þegar þau hlaða veggj eða stoðir og hafa ekki nægjanlegan fjölda kubba af sömu stærð og þurfa því að nota aðra kubba sem staðgengla.

Í kubbaleiknum uppgötva börn eitt og annað um form og lögun þegar þau skapa breytilegar myndir í byggingum sínum s.s. hring, tígul, sexhyrning, samsíðung eða trapisu. Vinna með kubbana krefst einbeitingar og agaðra vinnubragða af hálfu barna. Af tilraunum sínum með kubbana læra börn að nákvæmni í vinnubrögðum tryggir stöðugleika bygginganna. Þau átta sig á því að byggingarnar falla ef þau reka sig í þær en það hvetur þau til nákvæmni í hreyfingum.

Sundurgreining á sér líka stað bæði þegar þau byggja og þegar þau taka saman að leik loknum þegar þau flokka kubbana og raða þeim í hillur. Meðhöndlun kubbanna þjálfar einnig fínhyrningar og eflir samhæfingu hreyfinga. Gripið styrkist við takið utan um þá og saman leiðir þetta til betri stjórnunar og fágunar í beitingu skriffæra. Þannig að kubbarnir eru líka góður undirbúningur fyrir lestrar og skriftarnám. Lestarnámið þjálfast t.d. þegar elstu börnin eru farin að merkja byggingarnar og gerist það þegar þau eru farin að fá viðbótarefni eins og pappír, límband og skriffæri.

Stig af stigi

Leikskólinn hefur fest kaup á Stig af stigi sem er námsefni til að þjálfra félags- og tilfinningaþroska barna á aldrinum 4 - 10 ára.

Markmiðin með Stig af stigi er að börnin læri:

- Að skilja aðra og láta sér lynda við þá.
- Að leysa úr vanda og nota til þess félagslegan skilning
- Að kunna að umgangast reiði og draga úr æsingi.

Börnin hittast með kennara sínum einu sinni í viku og þjálfra félags- og tilfinningaþroska sinn í gegnum leik og samræður. Einnig er námsefnið fléttað inn í daglegt líf í leikskólanum.

Hegðunarmótun og agi

Á Hjallatúni eru SOS hegðunarmótandi aðferðir viðurkenndar sem áhrifarík leið til að beita aga á jákvæðan og viðurkennandi hátt.

Hvað er SOS?

SOS hegðunarmótun byggist á kenningum atferlisfræðinnar. Í atferlisfræði er því haldið fram að bæði slæm og góð hegðun sé áunnin. Einnig er því haldið fram að hægt sé að venja af eða breyta hegðun. SOS kerfið býður upp á reglu, aðferðir og skipulag sem hægt er að nota til að bæta hegðun barna.

Það sem einkenna þarf uppeldi og þar með aga og hegðunarmótun er:

Umbun	Hljúja
Heilbrigð skynsemi	
Agi	Húmor

Í vinnu með börnum þarf að halda aga, umbuna fyrir góða hegðun og bera hlýju til barnanna, í bland við góðan og léttan húmor. Heilbrigð skynsemi verður síðan að vera samhliða öllum þessum þáttum og stýra þeim.

SOS kerfið hjálpar til við að beita aga án þess að niðurlægja barnið og notar til að mynda áhrifaríkar aðferðir eins og einveru til að stöðva óæskilega hegðun.

Að mati SOS aðferðarinnar er umbun fyrir æskilega hegðun besta hegðunarmótunar aðferðin.

Samskipti

Á Hjallatúni leggjum við mikla áherslu á að samskipti við bæði börn, starfsfólk og foreldra einkennist af virðingu hlýju og gleði. Þau hugtök sem skipta okkur miklu máli í samskiptum eru:



Kærleikur Heiðarleiki Jafnaðargeð Sjálfstjórn Víðsýni Þakklæti Hrós
Tillitsemi Traust Ábyrgð Hreinskilni Kurteisi Jákvæðni Húmor



Einnig viljum við hafa þá reglu í heiðri að koma fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.

Í samskiptum okkar við börnin eigum við að hafa í heiðri ofangreind hugtök. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Það barn sem talað er niður til og það skammað á neikvæðan hátt gerir slíkt hið sama í samskiptum sínum við aðra. Með SOS aðferðinni erum við komin með tæki til að taka á hegðunarvanda á áhrifaríkan og skilvirkan hátt án þess að niðurlægja barnið. Einblínt er á hegðun barnsins ekki persónu þess. SOS leggur líka mikla áherslu á jákvæða umbun, hrós og hvatningu.

Í námsefninu Stig af Stigi eru samskiptin æfð á jákvæðan hátt og börnum er kennt að bera virðingu fyrir ólíkum viðhorfum, tjá tilfinningar sínar og setja sig í annarra spor. Kennarinn þarf að gera það líka og æfa sig í að setja sig í spor barnanna. Hugsa um hvernig tala ég við börn, hvernig vill ég láta tala við mig og mín börn eða þá sem eru mér kærastir. Manneskja hvort sem það er barn eða fullorðinn upplifir sig ekki sem jákvæðan mikilvægan einstakling ef talað er niður til hennar.

Kennari á að mæta börnunum af kurteisi, virðingu, hlusta á barnið og tilfinningar þess og viðurkenna þær, nota **virka hlustun**. Barnið hefur rétt til að hafa allar tilfinningar t.d. reiði, gleði og leiða. Hlutverk kennarans er að hjálpa barninu til að skilja allar þessar ólíku tilfinningar.

Daglegt líf á Hjallatúni

Dagskipulag, Varmaland og Bjarmaland

- 07.45 - 08.00 Leikskólinn er opnaður.
- 08.00 - 09.00 Morgunverður í matsal.
- 09.00 – 11.00 Leikur á svæðum.
- 11.00 – 11.20 Bleiuskipti/samverust. undirb. fyrir hádegisverð.
- 11.20 – 12.00 Hádegisverður.
- 12.00 – 14.00 Svefn, hvíld og útivera.
- 14.00 – 15.30 Hópasamvera og síðdegishressing.
- 15.30 – 16.00 Samverustund
- 16.00 – 17.15 Leikur úti og inni.
- 16.30 Ávaxtatími

Dagskipulag Logalandi og Ljósalandi

- 07.45 - 08.00 Leikskólinn er opnaður.
- 08.00 - 09.00 Morgunverður í matsal.
- 09.00 – 11.40 Leikur á svæðum.
- 11.40 – 12.00 Samvera og undirbúningur fyrir hádegisverð.
- 12.00 – 12.40 Hádegisverður.
- 12.40 – 14.00 Hvíld og útivera.
- 14.00 – 15.30 Hópasamvera og síðdegishressing.
- 15.30 – 16.00 Samverustund.
- 16.00 – 17.15 Leikur úti og inni.
- 16.30 Ávaxtatími

Að koma og fara

Þegar foreldrar koma með börn sín í leikskólann eiga þeir að fylgja þeim inn á heimastofur og vera vissir um að einhver kennari heimastofunnar viti að barnið er mætt. Kennarinn á að taka hlýlega á móti barninu, bjóða því góðan dag með nafni og láta það finna að það sé velkomið. Einnig á hann að skrá í kladdann að barnið sé mætt. Ef foreldrar gefa einhverjar upplýsingar varðandi barnið skal skrá það í dagbók sem allir kennarar heimastofunnar eiga að kynna sér dag hvern. Þegar foreldrar sækja barnið verður það að láta einhvern kennara vita sem þá skráir í kladdann að búið sé að sækja barnið. Mjög mikilvægt er að foreldrar virði þessar mætingareglur. **Starfsfólk merkir alltaf við þegar barn er komið og þegar það er sótt. Er það gert af öryggisástæðum. Allir starfsmenn verða að vita hvaða börn eru mætt til dæmis ef eldur kæmi upp.** Á þeim tíma sem verið er að sækja börnin eiga kennarar að vera til staðar til að veita upplýsingar og svara spurningum eins og kostur er og aðstæður leyfa. Þeir eiga að lokum að kveðja og þakka barninu fyrir daginn á hlýlegan hátt. Einnig veitir það barninu öryggisfinningu þegar foreldrar gefa sér góðan tíma þegar þeir koma með og sækja barnið og leggjum við áherslu á að foreldrar fylgi börnum sínum inn á heimastofurnar.

Matartímar

Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi. Mikil áhersla er lögð á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Matseðill vikunnar er skráður á upplýsingatöflu í fataklefunum. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Þar gefst tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna. Morgunmatur er frá kl. 08.00 til 09.00 í matsal og ráða börnin hvenær þau borða innan þessara tímamarka. Fylgst er vel með því að börnin fái sér að borða og merkt er við þegar þau eru búin. Hádegisverður er borðaður í tveimur hópum, Austurgangur borðar kl. 11.20 og Vesturgangur kl.12.00. Í hádegisverði borða börnin með hópnum sem þau tilheyra ásamt hópstjóranum. Það sama gildir í síðdegishressingu. Margar greindir er hægt að örva við máltíðir og undirbúning þeirra. Málgreindina er hægt að örva með að leggja inn margvísleg hugtök sbr. heiti borðbúnaðar og matarins og einnig hugtök eins og heitt, kalt, lítið, mikið, fullt, tómt o.s.frv. Samfara málgreindinni þjálfast samskiptagreindin þegar börnin sitja og spjalla saman við matarborðið. Þau skiptast á að tala og hlusta hvert á annað og rétta hvort öðru matinn. Við matarborðið eru börnin hvött til sjálfshjálpar, allt eftir aldri og þroska, þau skammta sér á diskinn, hella í glösin og æfa sig í að skera og smyrja.

Við undirbúning máltíða þjálfast rök- og stærðfræðigreindin þegar börnin leggja á borð, telja diskana, glösin og hnífapörin. Umhverfisgreindin eflist líka þegar við flokkum matinn í kjöt, fisk, ávexti og grænmeti. Einnig fáum við stundum mat sem tengist árstíðunum sbr. nýjar kartöflur á haustin og aðra uppskeru úr garðinum.

Svefn og hvíld

Mikilvægt er að börn á leikskólaaldri fái góða hvíld um miðbik dagsins. Svefn og hvíldarþörf barnanna er metin út frá hverjum einstaklingi og í samráði við foreldra. Eldri börnin hlusta gjarnan á sögu eða rólega tónlist en þau yngri sofa eða hvíla sig á dýnu með teppi og kotta. Börnin sofna oft við klassíska/ róandi tónlist. Við það örvast tónlistargreindin. Þegar börnin eldast er einnig lesið, sagðar sögur og hlustað á leikrit og ævinýri af geisladiskum. Við það eflist málgreind og einnig samskiptagreind, en börnin þurfa að taka tillit til annarra barna í hvíldartímanum með því að vera róleg og trufla ekki þá sem eru að hlusta og hvíla sig. Tilfinninga- og sjálfsþekkingargreindin eflist í hvíldartímanum en þá fá börnin tækifæri til að vera ein með sjálfum sér og láta sig dreyma og íhuga í ró og næði.

Fataklefínn

Í fataklefanum fer fram mikilvægt uppeldisstarf. Þar læra börnin að klæða sig úr og í fatnaði og ganga frá eftir sig. Reynt er að láta ekki of mörg börn vera í fataklefanum í einu en það getur stundum reynst erfitt sérstaklega kl. 13.00 þegar flest börn fara út. Á öðrum tímum gefst gott tækifæri til að kenna börnunum að klæða sig úr og í og ganga frá eftir sig.

Í fataklefanum skal leitast við að skapa aðstæður sem stuðla að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum milli barna og kennara. Einnig er hægt að örva flestar greindir í fataklefanum svo sem málgreind með að tala við börnin þegar verið er að hjálpa þeim í útifatnað. Nefna heiti fatnaðarins, litina og tengja það umræðu um líkamann. Líkams- og hreyfigreindin skipar stóran sess í fataklefanum en með því að hneppa, renna og smella eru fínhreyfingar þjálfaðar hjá börnunum og grófhreyfingar þegar þau bisast við að klæða sig sjálf í útigallann eða pollafötin. Börnin læra að klæða sig eftir veðri og vindum og við það örvast umhverfisgreindin þ.e.a.s. hvernig viðrar í dag og hvert erum við að fara sbr. á útisvæði að leika eða í vettvangsferð? Einnig skipar samskiptagreindin stóran sess í fataklefanum eins og í öllu starfi leikskólans, nota skal viðurkennandi samskipti, hrósa og hvetja til sjálfshjálpar.

Hreinlæti

Í leikskólanum skal styrkja hreinlætisvenjur barnanna. Öll börn eru látin þvo sér um hendur fyrir máltíðir og eftir salernisferðir. Hjá yngri börnunum er ákveðinn tími þar sem öll börn eru hvött til að fara á salerni og skipt á þeim sem eru með bleiu. Með því að kenna börnum hreinlæti á markvissan hátt örvast margar greindir s.s. málgreind þegar þau læra ný hugtök sem tengjast líkamanum og almennu hreinlæti. Líkams- og hreyfigreind þegar þau læra að hjálpa sér sjálf og kynnast líkama sínum og samskiptagreind þegar þau eru hvött til sjálfshjálpar á jákvæðan hátt. Börnin læra einnig um mikilvægi hreinlætis í gegnum fræðslu og umræður til að mynda í samverustundum og hópasamveru.

Samverustund

Samverustundir eru tvær á dag, sú fyrri fyrir hádegisverð og sú seinni í lok dagsins. Í samverustundum er sungið, lesið, farið í leiki svo fátt eitt sé nefnt. Í samverustundum gefst líka gott tækifæri til fræðslu og umræðna um menn og málefni og börnin fá tækifæri til að tjá sig og koma fram fyrir hópinn.

Leikur í heimastofum

Frá kl 8.00 - 10.00 á morgnanna er leikur á heimastofum. Þá eru börnin inni á heimastofum í frjálsum leik og eru þá gjarnan önnur leikföng í boði en í svæðaskiptingu til dæmis púsl og leir. Mörg börn hafa þörf fyrir að láta faðma sig og hlusta á sögu eftir að vera búin að kveðja mömmu og pabba. Lögð er áhersla á að byrja daginn rólega og eiga notalegar stundir saman. Einnig er Hreyfiland, Litaland og Listaland opið.

Útivera

Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi, hún er öllum börnum holl, styrkir líkama og sál, og eykur matarlyst og þol. Þess vegna leggjum við áherslu á að öll börn á Hjallatúni njóti útiveru daglega. Aðalútitímarnir eru tveir á dag kl.10.00 og kl.13.00. Flest börn fara út kl. 13.00 en á öðrum tímum er útiveran frjáls. Útiveran er einnig mikil í hópasamveru en sá tími er oft notaður til að fara í vettvangsferðir eða í leiki á útisvæði. Á útisvæði eru ýmis leiktæki, hjól, boltar og búdot og á sumrin ræktum við grænmeti, blóm og kartöflur.

Leikur á svæðum - Svæðaskipting

Eins og fram kom í kaflanum um hugmyndafræði, markmið og leiðir á Hjallatúni er leikurinn kjarninn í öllu uppeldisstarfinu. **Markmið með svæðaskiptingu** er að virða sjálfsákvörðunarrétt barnsins. Að barnið fái að leika sér þar sem það langar til með þeim börnum sem það langar í þá tímalengd sem hentar þeim. Svæðin eru fjölbreytt og þannig er leitast við að ýta undir sem flest þroskasvið.

Einu sinni í viku velur hver starfsmaður sér þau svæði sem hann hefur mestan áhuga á að starfa á yfir vikuna. Þannig teljum við að við nýtum sem best krafta hvers og eins með fjölgreindarkenningu Howards Gardners að leiðarljósi. Einnig auðveldar það kennaranum að undirbúa sig fyrir svæðaskiptinguna. Börnin fara frjálst á milli svæða eftir áhuga, úthaldi og getu hvers og eins. Bæði er boðið upp á frjálstan og skipulagðan leik á svæðunum og leitast við að kynna hverju barni öll námsvið leikskólans. Með skipulögðum leik er átt við leik sem er stýrt af leikskólakennara, t.d. hreyfistundir, tónlist, hópleikir ofl.

Svæðin sem börn og starfsfólk geta farið um eru sjö á hvorum gangi. Hér að neðan er lýsing á markmiðum og áherslupáttum þeirra og hvaða greindir er helst verið örva á hverju svæði fyrir sig. Starfsmannahópurinn á enn eftir að ræða markmið og leiðir á eftifarandi svæðu: Ljósland, Logaland, Varmaland, Bjarmaland, matsalur og tölvusvæði því er lýsing á þeim svæðum ekki eins greinagöð.

Hreyfiland

Markmið: Að börnin fái útrás fyrir hreyfiþörf sína og efli grófhreyfingar.

Hreyfing er helsta námssvið hreyfisalarins/Hreyfilands en tónlist og málrækt fléttast þar inn í. Þær greindir sem helst er verið að örva í hreyfisal eru hreyfigreind og tónlistaragreind. Farið er í margvíslega hreyfi- og hópleiki og er gjarnan notuð tónlist með. Einnig eru settar upp þrautabrautir, dansað og farið í leikræna tjáningu. Samskiptagreind og málgreind fléttast inn í starfið í hreyfisal en börnin þurfa að læra að taka tillit til hvers annars, hafa frumkvæði, stjórna leikjum og fara eftir fyrirmælum. Hlutverk kennarans er að fylgja markmiðunum eftir og örva greindirnar. Hann þarf að vera vel undirbúinn og vera með skýr mörk en þó sveiganlegur, hlusta á börnin og hugmyndir þeirra.

Listaland/Litaland

Markmið: Að örva sköpunargleði barnanna, að þau kynnist fjölbreytilegum efnivið, læri að umgangast hann og kynnast möguleikum hans. Að efla fínhreyfingar, snertiskyn og tjáningu. Myndsköpun er helsta námssvið Listalands/Litalands en önnur námssvið fléttast inn í eins og náttúra og umhverfi, menning og samfélag og tónlist. Þær greindir sem helst er verið að örva í Listalandi /Litalandi eru: Rýmisgreind, samskiptagreind og umhverfisgreind. Boðið er upp á fjölbreytta myndsköpun sem börnin vinna ýmist ein eða í litlum hópi og notast er við verðlausan efnivið, liti, málningu og pappír svo eitthvað sé nefnt. Einnig er farið í vettvangsferðir, efniviður fundinn úti í náttúrunni og unnið með hann í myndsköpun. Hlutverk kennarans er að kynna börnunum efniviðinn sem til staðar er, hvetja þau til sköpunar og aðstoða þau við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Kennarinn á að virða útfærslur og útkomur myndsköpunarinnar en þær geta verið mjög mismunandi allt eftir aldri og þroska barnanna.

Útisvæði

Markmið: Að börnin fái tækifæri til að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Að efla grófhreyfingar, styrkja líkama og sál og komast í snertingu við náttúruna.

Hreyfing er helsta námssvið útisvæðis sem býður upp á óendanlega möguleika hvað það varðar. Einnig fléttast fleiri námssvið inn í eins og myndsköpun, þegar verið er að mála og kríta úti eða mála með vatni og tónlist þegar verið er í hringleikjum og þegar sungið er í rólunum. Helstu greindir sem verið er að örva á útisvæði eru hreyfigreind og umhverfisgreind en börnin hlaupa, hoppa klifra o.s.frv. Einnig fer fram náttúruskoðun og fræðsla. samskiptagreindin örvast einnig en mikil samskipti fara fram á útisvæði bæði milli barna og fullorðinna og barna. Það verða árekstar og börn meiða sig, þau eru hugguð og rætt um líðan þeirra og við það styrkist sjálfsþekkingargreindin.

Hlutverk kennarans er fylgast vel með börnunum og gæta öryggis þeirra í hvívetna. Einnig á hann að vera virkur með því að fara á milli svæða og taka þátt í leik barnanna, til að mynda að setjast í sandkassann með börnunum, fara í bolta og hópleiki.

Vettvangsferð

Markmið: Að börnin kynnist nánasta umhverfi, menningu og stöðum. Að börnin æfist í umferðarreglum og tileinki sér náttúruvernd.

Í vettvangsferðum koma flest námssviðin við sögu. Hreyfing skipar stóran sess, náttúra og umhverfi og menning og samfélag eru einnig námssvið sem unnið er með í vettvangsferðum. Einnig fléttast tónlistin inn í, málræktin og myndsköpunin. En hægt er að vinna með alla þessi þætti í vettvangsferðum og í úrvinnslu eftir ferðirnar.

Allar greindir er hægt að örva í vettvangsferðum. Hreyfigreindin og umhverfisgreindin vege hvað þyngst en í vettvangsferðum ganga börnin, hlaupa, klifra o.s.frv. Þau kynnast einnig umhverfinu, læra að rata og læra umferðarreglur. Náttúruskoðun er mikil og oft er komið með til baka það sem fundist hefur úti og unnið með það í Listalandi. Tónlistina má auðveldlega vinna með t.a.m. með því að syngja á leiðinni, búa til hljóðfæri úr því sem finnst úti og fara í margvíslega hlustunarleiki. Sjálfsþekkingargreindin og samskiptagreindin þroskast einnig í vettvangsferðum en mikið reynir á samskipti, börnin læra að fara eftir fyrirmælum og vinna með öðrum. Í samskiptum og umræðum í vettvangsferðum örvast einnig málgreindin, börnin bæta við orðaforða og auka hugtakaskilning.

Hlutverk kennarans er að vera vel undirbúinn og vita hvað svæðið hefur upp á að bjóða sem hann er að fara á. Hann á að vekja athygli á því sem fyrir augu ber á leiðinni, vera vakandi fyrir spurningum barnanna og leita svara með þeim. Mikilvægt hlutverk kennarans er einnig að tryggja öryggi barnanna þannig að þau séu öll í umferðarvestum, haldi hópinn og fari eftir umferðarreglum.

Matsalur: (Spil, legokubbar ofl.)

Á svæðinu er hægt að velja milli þess að spila eða dunda við að byggja úr legókubbum. Spil þjálfar einbeitingu, félagsfærni og það nám sem hvert spil felur í sér. Í kubbunum getur barnið valið um að dunda sér eitt sér eða í samleik með öðrum. Spil þjálfar einnig fínhreyfingar barnsins.

Tölvusvæði: (staðsett á Vesturgangi)

Kunnátta á tölvur er að verða æ mikilvægari í þjóðfélaginu, því er æskilegt að börnin læri á tölvu. Einnig er mikilvægt að leikskólar hafi yfir tölvum að ráða til að jafna stöðu barna í þjóðfélaginu því öll heimili eiga ekki tölvu. Markmiðið er að börnin kynnist og læri að nota tölvu á sinn hátt. Samvinna og félagsfærni eflist auk þeirrar þekkingar sem hvert forrit býður upp á t.d. stafir, tölur, litir og form. Markmið okkar er að hafa leikina sem fjölbreytilegasta þannig að þeir höfði til sem flestra og séu þroskandi og skemmtilegir.

Hlutverkasvæði: eru á Logalandi og Bjarmalandi. Hér eflist félagsþroski barnsins, barnið lærir með því að leika sér í gegnum eigin tilveru. Aðalleikefnið á svæðinu eru holkubbar, litlir á Bjarmalandi og stórir á Logalandi. Hol kubbar eru opin efniviður þ.e bjóða upp á fjölbreytta leikmöguleika. Einnig er í boði ýmis viðbótarefniviður eins og búdot dúkkur og fleira. Á þessum svæðum er einnig hægt að fara í púða á Logalandi og á Bjarmalandi er fjölbreyttur efniviður sem þau geta valið sér eins og leir, púsl og fl..

Einingarkubbar: eru á Ljósalandi og Varmalandi. Einingarkubbar eru einnig opin efniviður þeir eru stærðfræðilega uppbyggðir. Sama á við um með holkubbana. Kubbarnir þjálfar rök og stærðfræðilegan skilning t.d skilning á rými, lengd , lögun og burðarþoli. Sjá kafla um einingarkubba bls.7

Álmurnar hafa til skiptist aðgang að Hreyfilandi og Listalandi.

Einu sinni á vetri skiptast heimastofunarfari á efnivið t.d. holkubbar flytjast yfir á Logaland og einingarkubbar á Ljósaland. Þetta er gert til að tryggja að öll börn kynnist báðum tegundum kubbanna. Það eru nefnilega alltaf einhver börn sem eru svo heimakær að þau fara sjaldan á milli heimstofa.

Framkvæmd svæðaskiptingar

Svæðin opna smám saman og barnið fer á það svæði sem höfðar til þess hverju sinni. Barn getur t.d verið byrjað að byggja úr holkubbum snemma um morguninn og haldið áfram með leik sinn þar þegar að leikur á svæðum byrjar. Ef úthald barns á einu svæði er búið getur það farið yfir á annað svæði . Ákveðinn fjöldi af börnum má vera á hverju svæði og stopp merki er sett á hurðar til að barn geti séð að fleiri komist ekki að í bili. Barnið fer þá á eitthvert annað svæði sem ekki er orðið fullt. Eftir smá stund getur það síðan athugað aftur hvort fækkað hefur á svæðinu og pláss sé fyrir það. Kennarinn er ávallt kyrr á því svæði sem hann hefur valið sér. Hann fylgist með leik barnanna og grípur inn í ef þörf er á. Í sumum tilfellum er kennarinn stjórnandi og stýrir ákveðnum verkefnum t.d. hreyfiæfingum í Hreyfilandi.

Hópasamvera

Til að gefa börnunum færi á að mynda dýpri tengsl við ákveðinn hóp barna og kennara hittast litlir hópa barna daglega. Börnin eru alltaf í sömu hópunum og með sama kennaranum. (einn vetur í senn). Hver kennari ber ábyrgð á einum hóp og fylgist vandlega með þeim börnum. Deildarstjórar bera yfirábyrgð á þeim barnahópi sem tilheyrir þeirra heimastofu.

Hópasamvera í Austurgangi snýst fyrst og fremst um það að vera saman, börnin leika sér og hafa það huggulegt. Í hópasamveru er einnig farið í vettvangsferðir, hópaleiki, byggt úr einingakubbum, farið í hlutverkaleiki, málað, dansað, spilað á hljóðfæri, leirað, hlustað á sögur og margt fleira. Þetta á einnig við í Vesturgangi en auk þess er lögð áhersla á að börnin vinni að ákveðnum verkefnum saman og læri að einbeita sér í litlum hóp.

Markmið með hópasamveru eru að börnin:

- Myndi góð tengsl hvert við annað.
- Myndi góð tengsl við kennarann.
- Þjálfist í samvinnu
- Þroski með sér samkennd og tillitsemi
- Læri að deila með öðrum
- Læri að einbeita sér í litlu hóp

Einstaklingsmöppur

Til að ekkert barn gleymist eða verði útundan í erli dagsins er starfið skipulagt á þann hátt að hver starfsmaður bera ábyrgð á ákveðnum fjölda barna (yfirleitt 6 - 7 börn á hvern starfsmann). Til að halda utan um hópinn á hvert barn svokallaða einstaklingsmöppu. Þar eru geymdar upplýsingar um líðan og nám barnsins í leikskólanum.

Hver hópstjóri/kennari gerir einstaklingsáætlun fyrir sín börn og skráir þar líðan þeirra. Einnig hvernig þau verja tíma sínum í leikskólanum, hvaða þarfir þau hafa, hverjar eru sterkar og veikar hliðar þeirra og hvernig foreldrasamstarf gengur. Skráning af þessu tagi er mikilvægt hjálpartæki til að fylgjast með alhliða þroska og líðan barnsins og gefur okkur tækifæri til að grípa inn í ef eitthvað hjátar á. Þessi skráning er gerð tvisvar á ári og oftast ef með þarf og myndar grunn að einstaklingsáætlun barnsins næstu önn. Sum börn þyrftu jafnvel aukna málörvun, önnur stuðning við myndun félagstengsla o.s.frv. Þessar möppur nýtast einnig deildastjórum og hópstjórum til undirbúnings fyrir foreldrasamtöl.

Sérkennsla

Samkvæmt lögum um leikskóla eiga börn á leikskólaaldri sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð eða þjálfun rétt á henni innan leikskólanna undir handleiðslu sérfræðinga. Leikskólar Reykjanesbæjar njóta sérfræðiaðstoðar Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar við þessi störf. Telji leikskólastjóri, leikskólakennari og forsjáraðilar að barn þarfnist sérstakrar aðstoðar eða þjálfunar til að geta notið leikskóladvalar sem best, ber þeim að hafa samráð um hvort unnt sér að leysa málið innan leikskólans og/eða hvort leita skuli til sérfræðiþjónustu. Verði aðilar sammála um að leita eftir slíkri þjónustu, er leikskólastjóra skylt að hafa forgöngu í samráði við sérkennslufulltrúa Fræðsluskrifstofunnar. Foreldrar/forráðamenn barna sem þurfa á sérfræðiþjónusu að halda fylla út beiðnablað sem gefið er út af Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar.

Skólahópur – samstarf leik- og grunnskóla

Elsti árgangur leikskólans myndar skólahóp ár hvert. Markmið með skólahóp er að brúa bilið á milli leikskólans og grunnskólans. Er það gert með því að elstu börnin vinna að sérverkefnum í hópasamveru eða sérstökum skólatímum og ræðst það fyrirkomulag að stærð árgangsins. Lögð er áhersla á að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnsins og stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum.

Um vorið heimsækja börnin þá grunnskóla sem þau byrja í að hausti. Þau fá að sitja í tíma hjá fyrsta bekk og einnig er þeim sýndur skólinn og skólalóðin. Holtaskóli er heimaskóli Hjallatúns og áætlað er að þróa samstarfið við kennara Holtaskóla enn frekar á þessu starfsári. Skólahópurinn er útskrifaður við hátíðlega athöfn á vorin þar sem foreldrum er boðið að vera viðstaddir.

Markmið með skólahóp:

- Að elsti árgangur skólans vinni að sérverkefnum saman.
- Að búa barnið undir að flytjast á næsta skólastig.
- Að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnsins.
- Að styrkja sjálfstæð vinnubrögð.

Leiðir að markmiðum:

- Fara eftir fyrirmælum, leysa úr verkefnum sem sett eru fyrir og ganga frá þeim í möppur.

- Koma fram fyrir hópinn og tjá sig og segja frá.
- Tengja saman talmál og ritmál.
- Skoða ýmis hugtök eins og stór, lítill stafur, setning og orð.
- Vinna með fyrsta stafinn í nafni barnsins og nafnið allt.
- Vinna með tölur og talnagildi.
- Leika með orð og rím.
- Þjálfa blýantsgrip og setstöðu.
- Heimsækja þá grunnskóla sem börnin fara í.

Kennsluefni sem stuðst er við:

- Ótrúleg eru ævintýrin, sögur og vísur til málörvunar.
- Markviss málörvun, þjálfun hljóðkerfisvitundar.
- Ljáðu mér eyra, undirbúningur fyrir lestur.
- Stærðfræðileikur, *þróunarverkefni frá leikskólanum Nóaborg.*

Hefðir og hátíðir

Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem börn kynnast og taka þátt í á heimilum sínum en einnig á ýmsan hátt í leikskólum. Þennan menningararf þarf leikskólinn að styðja við og börn að læra að virða, styrkir það þjóðarvitund þeirra. Á Hjallatúni eru jafnframt sérstakar viðburðir sem gefa tilefni til hátíðar t.d. afmæli leikskólans. Hefðir og hátíðir styrkja samkennd og samstöðu í því litla “samfélagi” sem leikskólinn okkar er.

Landafundir

Landafundir eru haldnir í sal síðasta föstudag í mánuði. Þá hittast löndin þ.e. börn og starfsfólk af öllum heimastofum og eiga skemmtilega stund saman. Á landafundum er sungið, dansað og farið í leiki svo fátt eitt sé nefnt.

Afmæli leikskólans

Leikskólinn á afmæli 8. janúar og þá er haldin afmælisveisla, allir fá köku og afmælislandafundur er í sal.

Þorablót

Þorrinn er blótaður í leikskólanum. Haldið er þorablót í sal þar sem sungið er og dansað og börnum og starfsfólki gefst kostur á að smakka á þorramat. Einnig er áhersla lögð á íslenska siði og hefðir í þorramánuðinum ásamt íslenskri þjóðtrú.

Bolludagur – sprengidagur – öskudagur

Á bolludag er boðið upp á bollur, saltkjöt á sprengidag og öskudagsfundur er í sal á öskudag. Þá mega börnin koma í búningum og kötturinn er sleginn úr tunnunni.

Sumarhátíð

Sumarhátíð er haldin fyrir eða eftir sumarfrí leikskólans. Þá er grillað, sungið og trallað og jafnvel boðið upp á leikþætti og fleira skemmtilegt. Foreldrar eru boðnir velkomnir á sumarhátíðina og óskum við eftir að sem flestir mæti.

Útskriftaferð

Elsti árgangur skólans fer í útskriftaferð að vori. Er þetta dagsferð og er dagskráin mismunandi milli ára.

Foreldrakaffi

Foreldrum er boðið í morgunverð u.þ.b. fjórum sinnum á ári. Þá gefst foreldrum tækifæri til að setjast niður með börnum sínum, borða með þeim morgunverð og eiga notalega stund með börnum og starfsfólki leikskólans. Myndum eða myndbandi úr starfinu er varpað á stóran skjá til að gefa foreldrum smá innsýn í leik og nám barnanna í leikskólanum.

Dagur íslenskra tungu

Þann 16. nóvember ár hvert höldum við dag íslenskra tungu hátíðlegan með sameiginlegri hátíð leikskóla Reykjanesbæjar í Frumleikhúsinu og skemmtun á sal.

Jólaforeldrakaffi

Í desember er foreldrum boðið í jólamorgunkaffi. Þá er boðið upp á heitt súkkulaði, rúnstykki og piparkökur. Jólalög er spiluð í sal, Listaland er opið og þar er hægt föndra og á öðrum stað er söngstund.

Litlu jól

Litlu jól eru haldin í síðustu viku fyrir jól. Dansað er í kringum jólatré og hangiket með öllu tilheyrandi etið í hádegi. Jólasveinar koma í heimsókn með góðgæti fyrir börnin.

Kirkjuferð

Í desember er farið með börnin í Ytri-Njarðvírkirkju þar sem við hittum prestinn sem segir okkur frá boðskap jólanna og við syngjum saman jólalög.

Sólarkaffi

Við fögnum sumri með sól í hjarta og söng á vörum í kringum sumardaginn fyrsta. Foreldrum er boðið í sólarmorgunkaffi og haldin er sólarball á sal með söng, glens og gamni.

Ömmu og afadagur

Árvist eru ömmur og afar boðin í heimsókn á Hjallatún. Boðið er upp á kaffi, þjóðlegt meðlæti og börnin syngja fyrir ömmu og afa. Síðan er öllum fjrálst að fara um leikskólann og fylgjast með leik barnanna.

Afmælis- og kveðjuveislur

Þegar börnin eiga afmæli mega þau koma með ís að heiman og haldin er afmælisveisla í sal. Kveikt er á sérstökum afmæliskertastjaka, sungið er fyrir afmælisbarnið og það situr á sérstökum gullstól. Einnig er farið í leiki eða annað sem afmælisbarninu finnst skemmtilegt. Þegar barn hættir í leikskólanum býður leikskólinn upp á popp og safa, kveikt er á kveðjukertastjakanum, farið í leiki eða annað sem barninu sem er að hætta finnst skemmtilegt.

Foreldrasamstarf

Mikilvægur þáttur í starfi hvers leikskóla er foreldrasamstarf. Grunnur að vellíðan barns í leikskóla er að sá þáttur sé í lagi, gott upplýsingastreymi og samvinna. Leikskólinn á ekki að yfirtaka uppeldishlutverk foreldranna heldur einungis að vera viðbót við það. Á Hjallatúni er margt gert til að efla þessi tengsl m.a.: Útgáfa fréttabréfa, kynningarfundir, foreldrasamtöl, viðhorfskannanir og áhersla á góð samskipti daglega við alla foreldra Leikskólinn stendur einnig fyrir uppákomum þar sem fjölskylda barnsins er boðin velkomin. Þær eru til dæmis sumarhátíð, foreldrakaffi, jólaforeldrakaffi, ömmu- og afa dagur svo eitthvað sé nefnt. Einnig viljum við benda á að foreldrar eru velkomnir í heimsókn hvenær sem er.

Landpósturinn sem er fréttabréf Hjallatúns er gefinn út fimm til sex sinnum á ári. Í honum er að finna helstu upplýsingar um það sem er að gerast innan veggja leikskólans.

Foreldrasamtöl

Boðið er upp á tvö formleg foreldrasamtöl á ári. Þau fyrri er í október og upplýsa starfsmenn foreldra þá um líðan barna þeirra og fá á móti upplýsingar um hagi barnsins og óskir foreldra til leikskólans. Þessi samtöl eru í léttu spjallformi og ekki eru lögð fram þroskapróf eða annað formlegt mat á börnunum.

Seinni foreldrasamtöl vetrarins fara fram í apríl. Þá veita kennarar foreldrum upplýsingar um líðan barnsins í leikskólanum, skapferli og hegðun, daglegar athafnir, leik og samskipti. Einnig eru veittar upplýsingar um sterkar hliðar barnsins með hliðsjón af fjölgreindarkenningunni. Lagaðar eru fram niðurstöður á athugunum og mati sem fram hefur farið á börnunum.

Eftirfarandi athuganir fara fram á vorin

Gátlistar af öllum börnun 2 – 3 ára og 3 – 4 ára.

Mot hreyfiþroskapróf af börnun 4 – 6 ára.

Hljóm málþroskapróf á öllum elsta árganginum.

Foreldrafélag

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla frá 1999 skal við sérhvern leikskóla starfa foreldrafélag. Misjafnt er hvaða markmið þessi félög setja sér. Landssamtök foreldrafélaga styðja við bakið á foreldrafélögum og veita ýmsar upplýsingar.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og var það stofnað í maí 2001. Allir foreldrar sem eiga börn á Hjallatúni verða sjálfkrafa félagar í félaginu, en nokkrir foreldrar skipa stjórn þess ár hvert. Félagið stendur fyrir ýmsum uppákomum eins og jólaballi í desember og berjaferð í september. Reglur foreldrafélagsins er hægt að fá hjá leikskólastjóra. Árgjald félagsins er kr. 2000.

Mat á skólastarfi

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskóla og utan. “Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði skólastarfsins og gera það skilvirkara” (aðalnámskrá leikskóla 1999). Á Hjallatúni er innra gæðamat skólans unnið á eftirfarandi hátt:

Mat foreldra

Á hverju vori er lögð fram könnun um óskir og viðhorf foreldra til leikskólans. Foreldrar eru beðnir að svara könnuninni og skila í þar til gerða kassa í fataklefa. Spurningalistarnir eru samdir af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Mat starfsfólks

Á vorin er lagður endurmatlisti fyrir starfsfólk leikskólans. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri semja spurningarnar í náinni samvinnu við deildarstjóra skólans. Starf vetrarins er endurmetið, einnig eru samskipti við börnin endurmetin og samskipti starfsfólks innbyrðis og flest annað sem lítur að starfi og starfsmannhaldi. Við úrlestur úr matinu er leitast við að draga fram styrkleika og veikleika í starfinu og benda á það sem betur mætti fara þannig að draga megi lærdóm af.

Formleg starfsmannasamtöl fara fram minnst einu sinni á ári milli starfsmanna og leikskólastjóra. Lögð er áhersla á að fyllsta trúnaðar sé gætt.

Markmiðin með samtölunum eru:

- Að starfsfólk fái tækifæri til að tala í trúnaði um vinnustaðinn og starfsumhverfið.
- Að greina áhugasvið viðkomandi, sterkar hliðar og veikar, og reyna að bregðast við þeim.
- Að kanna hvert hugur starfsmannsins stefnir í starfi.
- Að afla upplýsinga vegna áætlana um símenntun.

Í lok samtalsins draga leikskólastjóri og starfsmaður fram styrkleika og veikleika starfsins og starfsmannsins og setja niður markmið fyrir næsta starfsár.

Niðurstöður innra mats Hjallatúns eru ræddar í öllum starfsmannahópnum og mynda vinnuþlög fyrir starfsáætlunargerð næsta starfsárs.

Ársskýrsla

Ársskýrslu er skilað til rekstaraðila í lok hvers skólaárs. Þar gerir leikskólastjóri grein fyrir starfinu sem unnið var á árinu. Leikskólafulltrúi vinnur síðan sameiginlega ársskýrslu fyrir alla leikskóla Reykjanesbæjar og sendir til Fræðsluráðs Reykjanesbæjar og menntamálaráðuneytisins.

Hagnýtar upplýsingar**Vistgjöld**

Vistgjöld eru greidd fyrirfram. Greitt er fyrir einn mánuð í senn og gjald lækkar ekki þó barn sé fjarverandi. Hægt er að velja um mismunandi greiðsluform: greiðsluþjónustu bankanna eða greiðslukort. Ef nauðsyn krefur geta foreldrar greitt með gíróseðli en stefna Reykjanesbæjar er að halda því greiðsluformi í lágmarki til að forðast vanskil.

Systkinaafsláttur: Ef barn á systkini í leikskóla eða skólagæslu er veittur afsláttur á vistgjöldum. Fyrir fyrsta barn er greitt 100%, annað barn 75%, þriðja og fjórða barn 60%.

Skuldi foreldrar þrjá mánuði er barninu sagt upp leikskólarýminu og skuldin sett í innheimtu lögfræðings. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar, sama gildir um vistunartímabreytingar. Uppsagnir og breytingar á dvalarsamningi fara fram hjá leikskólastjóra. Dvalargjald barns er reiknað í heilum og hálfum klukkustundum. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir að virða umsamdan dvalartíma. Vinnutími starfsmanna er skipulagður með tilliti til dvalarsamninga.

Niðurgreiðsla á leikskólagjöldum

Þeir foreldrar sem óska eftir að fá niðurgreiðslu á leikskólagjöldum þurfa að sækja um það á þar til gerðu eyðublaði hjá leikskólafulltrúa á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Til að greiða lægra gjald þarf að framvísa vottorði Tryggingarstofnunar um greiðslu mæðra/feðralauna. Breyting kemur til framkvæmda 1. næsta mánaðar eftir samþykkt umsóknar. Endurnýja þarf umsóknina fyrir 1. september ár hvert.

Yfirumsjón - sérfræðiþjónusta

Málefni leikskóla heyrir undir Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Fræðsluráð hefur umsjón með málefnum leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í umboði bæjarstjórnar.

Fræðslustjóri er Eiríkur Hermannsson. Leikskólafulltrúi er Guðríður Helgadóttir, hún hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla. Sérkennslufulltrúi er Ingibjörg Hilmarsdóttir, hún hefur yfirumsjón og veitir ráðgjöf vegna sérkennslu til starfsfólks og foreldra. Börn í leikskólum Reykjanesbæjar hafa aðgang að sérfræðiaðstoð á vegum skólaskrifstofu. Á hennar vegum eru starfandi talmeinafræðingur og sálfræðingar.

Sími á skólaskrifstofu er 421 - 6700.

Fatnaður

Mikilvægt er að allur fatnaður barnanna sé vel merktur. Mörg börn ganga um leikskólann dag hvern og alltaf er hætt á að fatnaður týnist. Einnig er mikilvægt að klæðnaður hefti ekki barn í leikgleði sinni. Í leikskólum er unnið með fjölbreyttan efnivið því getur málning, lím og fleira farið í fatnað barnanna þó starfsfólk leiti allra leiða til að það gerist ekki. Nauðsynlegt er að aukafatnaður sé í tösku barnanna ef óvænt slys verða. Mikilvægt er að börnin hafi með sér hlýjan fatnað, regnfatnað, stígvél, húfu og vettlinga í tösku vegna síbreytilegrar veðráttu hér á landi.

Óhöpp, slys og veikindi

Slasist barn í leikskólanum og talin er þörf á aðstoð læknis er haft samband við foreldra, einnig ef barn veikist í leikskólanum. Ef ekki næst í foreldra fer starfsfólk með barnið á slysamóttöku HSS. Börn í leikskólum Reykjanesbæjar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum.

Lyfjagjöf

Í flestum leikskólum eru einhver börn sem þurfa að taka inn lyf á meðan þau dvelja í leikskólanum. Börnin skulu ekki fá önnur lyf en þau sem læknir hefur ávísað á þau. Ef nauðsyn er á lyfjagjöf í leikskólanum skulu foreldrar fylla út sérstakt eyðblað hjá deildarstjóra. Lyf eru geymd í læstri hirslu í leikskólanum. **Lyfjagjöf í leikskóla er alltaf neyðarúrræði ef því verður komið við skulu foreldrar gefa lyfin heima.**

Viðtalstímar

Viðtalstímar við starfsfólks leikskólans eru eftir samkomulagi. Ef foreldrar hafa einhverjar spurningar eða hafa þörf á að ræða við starfsfólkið er það að sjálfsögðu alltaf til taks. Gott er að panta viðtalið með nokkurra daga fyrirvara.

Fjarvistir barna

Vinsamlegast látið starfsfólk leikskólans vita ef barn er veikt eða í fríi.

Breytt heimilisfang – breyting á högum

Mikilvægt er að foreldrar tilkynni breytt heimilisfang og símanúmer heima og í vinnu. Einnig biðjum við foreldra að láta vita um stórvægilegar breytingar á högum fjölskyldunnar t.d. við skilnað, andlát eða alvarleg veikindi. Gott upplýsingastreymi gerir okkur kleyft að veita barninu réttan stuðning við ákveðnar aðstæður.

Persónulega hirslan

Hvert barn á sína persónulegu hirslu í leikskólanum þar sem geymd eru verk barnsins og aðrir hlutir sem tilheyra barninu. Foreldrar eru hvattir til að líta í skúffur barnanna og tæma þær reglulega.

Leikföng að heiman

Ekki er æskilegt að börnin komi með leikföng að heiman í leikskólann. Við gerðum tilraun með það að leyfa börnunum að taka með sér lítinn hlut sem þeim þótti vænt um með sér í leikskólann t.d. bangsa, dúkku, bók eða lítinn bíl. En því miður fór það út í það að börnin höfðu sum hver með sér leikföng daglega og mörg hver verðmæt og börnunum mjög hjartfólgin. Þetta skapaði deilur barnanna á milli og oft á tíðum vanlíðan hjá einstaka barni. Einnig skapaðist mikið álag á starfsfólk sem oft á tíðum þurfti að leita um allan skólann eftir týndu leikfangi í lok dagsins. Í leikskólanum er fjölbreyttur efniviður sem á að geta fullnægt þörfum barnahópsins.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru þrisvar á ári og eru auglýstir með mánaðar fyrirvara. Þeir eru nýttir til faglegrar samvinnu og endurskipulagningar starfsins. Einn af þessum dögum er í tengslum við sumarlokun.

Sumarleyfislokun

Leikskólinn er lokaður í 5 vikur ár hvert. Leikskólar Reykjanesbæjar skiptast á sumarleyfistímum, þannig að aldrei er lokað á sama tíma tvö ár í röð.

Aðfangadagur og gamlársgdagur

Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgdag.

Lokaorð

Við vonum að námskráin hafi verið til glöggvunar fyrir ykkur foreldra. Við viljum árétta að ef einhverjar spurningar vakna eða ef þið hafið ábendingar um starfið í leikskólanum þá snúið ykkur til deildarstjóra eða leikskólastjóra. Það eru ykkar börn sem við önnumst daglega og því sjálfsagt að þið hafið áhrif á leikskólastarfið.

*Með von um gott samstarf.
Starfsfólk Hjallatúns.*

Unnið í júní 2003

Gerður Pétursdóttir
Leikskólastjóri Hjallatúns